

Stjórnarfundur í síma mánudaginn 16. Apríl 2018 kl.12:40

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir, Snorri Heimisson, Gestur Áskelsson og Guðmundur Vilhjálmsson.

Breyta lögheimili SÍSL - eins og er er heimilisfangið á bílastæði í Vestmannaeyjum og

### **Landsmót í Breiðholti**

Rattleikur - skátaflokkur er viljugur að taka þetta að sér. Við munum gefa það út að það er ekki skylda að taka þátt í rattleiknum. Þarf að skipta hópum í tvennt.

Föstudagskvöldið - með auknum styrk er komið rými til að kaupa atriði. Spurning um Hexagon brasskvintett eða nemenda kvintett frá Villu. Okkur lýst vel á nemendakvintett, Villa kannar það.

Drög að dagsskrá

Össur - kynnir

Tónlistaratriði - SÁB

Helgi Gríms - ávarp

Tónlistaratriði - SÁB

Össur - tilkynningar

Kvintett - nemendakvintett frá Villu

Stofur í Hólabrekkuskóla - komin með 12 stofur þar. Í 6 stofum er mikið af húsgögnum. Stærri stofur tækju 20 manns en minni stofurnar tækju 15 manns. Erum með 29 stofur í FB. 7 hópar af 20 hópum fara í Hólabrekkuskóla.

Hólabrekkuskóli: Kópavogur, Víðisstaðaskóli, Stykkishólmur, Vestmannaeyjar, Hornafjörður, Hafnarfjörður og Eski-Reyðarfjörður.

Það verða móttökur í bæði Hólabrekkuskóla og FB. Fólk fer með dót uppá stofu, í bol, í myndatöku og svo borða.

Rætt aðeins og aðgengi fyrir rútur.

Bolir verða tilbúnir á þriðjudeginum. Foreldrafélag SÁB sér um útteilingu á bolum, armböndum og dagsskrám. Foreldrafélagið sér um að raða stofum fyrir og eftir mótið.

Dagsskrá - þurfum að fara yfir hana áður en hún fer í prentun. Skilaboð til stjórnenda að æfingatími er ekki heilagur, það má hætta æfingu fyrr en EKKI fara yfir æfingatímann. Svo enn og aftur að ítreka að það má ekki fara í mat fyrren á þínum matartíma.

Prentun á dagsskrá - allir fá útprentað eintak ásamt því að þær verða hengdar upp í stofum og á æfingastöðum. SÍSL stendur straum af kostnaði á því.

Ef nemandi dettur út þá er í lagi að annar komi inn í staðin en þarf þá að sætta sig við bolastærð þess sem datt út, ef ekki þá eru til stærri bolir ekki minni.

Matur - þurfum að fá skriflegan samning frá kokkinum til að koma í veg fyrir misskilning og skyndilegar breytingar. Öll millimál ættu að vera farin af matseðlinum og af höndum kokksins, millimálin er í höndum foreldrafélags SÁB.

Hver máltíð hjá kokkinum er 1.300kr. og morgunmatur 600kr.

Dót sem fólk þarf að taka með sér - bassaleikarar koma með sína magnara. Sjö hópar af slagverki - Snorri sér um slagverk fyrir gulu hópana Tónskóli Sigursveins og Leiknisheimilið, Össur sér um grunninn í Hólabrekkuskóla báða staði, Villa sér um Fellaskóla báða staði, Einar sér um Gerðuberg blár hópur.

Hver nemandi kemur með statíf og nótur.

Stjórnendastatíf - Villa, Snorri, Össur, Harpa og Einar koma með stjórnendastatíf. Svo gæti verið eitt eða tvö í Tónskóla Sigursveins.

Míkrófónn og magnari fyrir stjórnendur rauða 1 hópsins. Össur græjar það.

Slagverkshópar æfa sín litalög og svo eitthvað annað m.a. Löggur og bófar.

Heiðrún fer í gula sveit og Sólveig kemur í staðin í rauðan hóp.

Fundi slitið kl.14:00

Fundargerð 20. Mars 2018

Mættir: Össur, Gestur, Vilborg og Ella Vala. Harpa og Guðmundur boða forföll

Fara yfir tékklista mótanna

### **Landsmót C sveita á Akureyti 12. - 14. Október**

#### **Lundarskóla**

2 stórir salir og hægt að skipta hópnum, leigja allan skólann

Tónlistarskólinn ekki með stórar stofur

Smiðjur f. Csveit: nota fólk að norðan, Þorvaldur Bjarni sífó nord, Atli Örvars kvikmyndir, afrískar marimbú, Lúdvík Símonar marimbú, Rodrigo slagverk, Villi trompet, Ívar Helgason stepp, Helgi Svavars markþjálfu, Eiríkur Steph Hundur í óskilum

Hof? Búið að senda póst um þessa dagsetningu, Una Björk Hjartardóttir sér um það

Árman Einarsson segja frá sér

Brjóta upp hefðbundið form, leikspuni, jóga, hugleiðsla

Tilboð frá kokkinum í skólanum í mati

Ath foreldramat? Tala við foreldrafélagið

Sturtur og snyrting eða sund í skólanum eða í sundlauginni

Hvenær þarf að staðfesta?

Biðja hljómsveitir að staðfesta í maí með áætlun

C sveitarmótið má vera kostnaður fyrir SÍSL þar sem LÆ er ekki til  
Maturinn er stærsti kostnaðurinn.

Gera fleirir hópa í C sveitinni og getuskipta meira. Alltaf erfitt að gera það.

Spurning með kammerhópa eða minni samspili, gæti verið hentugt en ekki til SÍSL staðlar fyrir slíkar útsetningar.

Myndatökumaður fyrir ljósmyndir á Akureyri, taka mynd á föstudag og afhenda á sunnudag  
Bæjarstjóri á Akureyri til að tala á föstudag eða sunnudag

Mótsblaðið spurning?

Hvað margir geta borðað í mötuneyti

### **Landsmót í Breiðholti**

Breiðholt í sund 40 mín 80 manns í einu afslappað yfir fjölda, fáar sturtu.  
Byrja kl. 9.00

Í Garðabæ var starfsfólkið sem útskýrði þegar þau komu í sundið.

Fengu fatakörfur,

Sendibíll fyrir stóla á milli FB og íþróttahús

Fjölbraut, taka myndir af öllum stofum v. frágangs.

Fararstjórar geta þá gengið frá hverri stofu og Foreldrafélg SÁB myndi klára að raða Mikið af stofum undir verkgreinar.

Mögulega hægt að fá minni rými fyrir minni hópa, helst þó að hafa glugga ef það á að sofa þar.

Skólastjóri Hólabrekkuskóla ekki mjög spennt en þurfum að hafa nóg af stofum.

Merkja stofur fyrir þátttakendur

Hvað með rekstrarvörur?

Lokaskráning 3. Apríl

Endurgreitt frá 3. Apríl - 20.apríl hægt að fá 5.000 kr. Endurgreitt Gerum ráð fyrir að hljómsveitirnar sjálfar sjá um endurgreiðslu

Útsetningar eru komnar fyrir A/B mótið og allar komnir á vefinn

Prúðmennskubíkarinn verður ekki með

Gjafir - ljósmynd

Mötuneyti - 300 í FB hafa nóg af afgangslustöðum

Gera gott kort og hægt að sækja á netið

Athuga með slagverk, Árb, Grafarvogur, Kóp, Reykjanesbær, Austurbæjar 2 pákusett fyrir græna og bláa, mallet, klukkuspil,

Snerla og bassatrommmur fyrir alla trommara, allir koma með fyrir sig

Hvað gerum við með trommarana, þarf að taka þá út og gera hluta af æfingu annað með þeim. Kannski að æfa þeirra parta. Nota burstu, fá styrk frá Tónastöð eða Hljóðfærahusinu að fá burstu. Plastburstar

Nótnastólar

Hljóðkerfið á staðnum

Pallur eða svið undir diskótekara og skemmtiatriði ath. Þráinn hjá IR eða Viðar hjá FB

Armbönd þurfa vera passlegt og nota í mat og sund. Foreldrar gætu þurft fleiri v. skiptingar um helgina

Kynni v. tónleikanna að allir setjist aftur í hornin þar til tónleikarnir eru búnir

Statíf nota plötustatíf frá SÁB, Grafarvog og frá Kóp

Tala við Steina v. flutninga á öllu dótinu. Þarf nokkra bíla til að flytja allt dót.

Pall f. Stjórnanda - Lárus á pall

Athug m. föstudagskvöld móttsetningu Góí sem kynni, kannski fá Grafarvog til að spila með honum og SÁB spilar, Helgi Gríms talar, Össur talar, Eru fleirir hljómsveitir sem vilja spila?

Auglýsa mótið, Hljóðfærhúsið stiður um 100 þús og til í samfélagsmiðla nota videó kannski 3 og auglýsa mótið á fésbók eða öðrum slíkkum miðlum .Vilborg talar við Andrés í Tónastöðinni með styrk frá þeim

Óvissa með hvar logoin fara. Boli eða töskur ?

Athuga með krakkarúv og blöðin

Hólabrekkuskóli 5 tímar fyrir húsvörð yfir helgina en spurning hvort Snorri megi taka kerfið af. Ekki spennt að gista þar, skólastjórinn ekki spenntur að fá okkur í gistingu

Fellaskóli 64 þús fyrir húsvörð 15 tímar. Athuga hvort það sé hægt að fá annan til að opna og loka, þrif. Foreldri frá SÁB

Farið yfir þörf á foreldrum með Snorra.

Kaffihressingar að morgni báða daga, föstudagskvöld miðdegiskaffi.

Fundur 3. Apríl um kvöldið annað hvort símafund eða á Marbakkabraut

Athuga með aðalfundinn senda út áminningu. Og einnig vegna skráningu á mótið.

Símafundur 9. Apríl 2018

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir, Gestur Áskelsson, Snorri Heimisson og Guðmundur Vilhjálmsson

### **Landsmót**

Snorri fer yfir foreldrafund sem hann hélt í síðustu viku, hann er svo gott sem búinn að manna vaktir bæði nætur og dagvaktir.

Drykkir eru alveg komnir, fengu góðan díl á svölum sem verða keyptir fyrir alla kaffitíma bæði kvöldkaffi og dagkaffi. Svo eru ávextir og bakkelsi líka komið á gott ról.

Drykkir í morgunmat er kannski það eina sem á eftir að redda. Snorri á eftir að heyra aðeins betur í kokkinum. Líka varðandi lokaverð á matseðli.

576börn - 98 fullorðnir eru lokatölur fyrir mótið. **674**

Tvær hljómsveitir saman í herbergi, er það galið? Já segir Össur, hann segir að það þurfi að herja á Hólabrekkuskóla og fá nokkrar stofur þar. Þetta lítur út fyrir að mjög þröngt með núverandi fjölda. 15 nemendur max í hverja stofu í FB segir Össur. Það þarf líka að vera pláss fyrir töskur og gang á milli.

Vandræðin eru þau að skólastjóri Hólabrekkuskóla er ekki viljugur til þess fá okkur í gistingu og Fellaskóli sem við erum með undir æfingar er dáldið í burtu og labbitúrinn aðeins of langur.

Vilborg og Fríða fara þá núna í það að herja á hana, skólastjóran.

Það yrði fyrirtak ef SK færi yfir í Hólabrekkuskóla, þau eru samtals 105manns og þá losna 4 stofur í FB.

Vilborg fór í Fellaskóla um daginn og stakk uppá því að rauða bandið æfi þar, þar sem þar eru tvö stór rými. Kennari þar er líka í foreldrafélagi hjá Snorra, hún ætlar að opna og loka fyrir okkur og sparar okkur útkall húsvarðar.

Græna bandið í Holabrekkuskóla, þar eru tvö stór miðrými.

Bláa bandið í Gerðubergi.

Gula bandið skipt í tvennt, annars vegar í Tónskóla Sigursveins og svo í Leiknishúsinu.

Slagverk tekið út í grúppur á laugardeginum, ekki alveg á hreinu hvar þau verða en eru að horfa á efri hæðina í Tónskóla Sigursveins.

Við þurfum að redda gítarsveit Tónskóla Sigursveins rými á laugardagsmorgninum í klukkutíma milli kl.11-12, spurning um herbergi í Hólabrekkuskóla.

Húsvörður Fellaskóla er líka með lyklavöld að Leiknishúsinu og þar eru 96 stólar.

Grasvellir fyrir utan Leiknishúsið getum við notað fyrir hádegi á laugardeginum, búið að bóka okkur þar. Búningsherbergi getum við notað líka.

Það verður smá umgangur frá tungumálaskóla í Fellaskóla á laugardeginum en við fáum skólann frítt og við látum það ekki trufla okkur.

Helgi Grímsson hljómaði eins og hann vissi að við værum komin með styrk en kannski ætti einhver eftir að segja okkur það.

Lyklamál í FB - hurðir eru alltaf læstar og bara einn lykkill á hurð. En við gætum samt fengið fleiri lykila og vonandi masterlykla sem ganga að fleiri hurðum en einni.

En áður en Snorri lætur Viðar gera fleiri lykila þá þurfum við að fá bókað með Hólabrekkuskóla.

Logo hljómsveita - Snorri ætlar að útbúa merkingar á hurðir stofanna með nafni og logo-i.

Guðmundur ætlar að biðja Lindu um að redda því og senda á Snorra.

Ávextir á bakka - Skólamatur sá um þetta síðast og bar þetta fram á bökkum og foreldrafélag SÁB vill gera þetta svipað. Þau redda því.

Fimm konur frá Snorra sem eru ekki á vöktum ætla að vera á öllum æfingum og sjá til þess að allt fari vel fram og vera m.a. með sjúkrakassa ef eitthvað kemur uppá. Þórunn húsvörður vill samt vera ábyrg fyrir Fellaskóla.

Bolapöntun farin af stað - pantaðir voru nokkrir aukabólir þannig að það er rými til þess að breyta aðeins og færa til. Armböndin voru líka komin.

Dagsskrá mótsins - hún er svo gott sem tilbúin og lítur vel út.

Mótsetning - þarf að fara að greiða úr því hvernig hún fer. SÁB mun spila og svo einhver annar. Helgi Grímsson heldur smá ræðu og svo einn fyrir hönd SÍSL.

Þarf að senda á stjórnendur hverjir eru að stjórna hvaða litasveit og í þeim pósti líka að óska eftir atriði frá annarri sveit. Þarf að ítreka það að stjórnendur komi með lag sem hentar getu. Það eru skráðir 6 stjórnendur á hvern lit og alveg nóg að það komi 3 ný lög. Hópur stjórnenda tali saman um hvað skal koma með, upplagt að stofna FB hóp þar sem hægt væri að ræða þessi mál.

Lárus Grímsson - hann er bara búinn að skrá nemendur og fararstjóra en ekki sjálfan sig eða kennara. Það er búið ítreka það við hann að það ÞURFI einhver að koma sem fulltrúi hljómsveitarinnar.

Slagverk - Kári og Valdi sjá um slagverkssveitir og eru þess á milli inni hljómsveitunum.

Þarf að koma með mallet þar sem sumir nemendur spila bara á mallet.

Fundi slitið kl.13:47

Stjórnarfundur í síma 12. Mars 2018

Mætt eru: Gestur Áskelsson, Össur Geirsson, Harpa Jóhannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson og Snorri Heimisson.

### **Lagaval**

Hani krummi hundur svín fyrir gulu sveitina. Spurning um að það sé of bratt fyrir byrjendur en þarf líka að vera smá krefjandi.

Gulur: Fyrsta haustlægðin

Rauður: Galdramanndansinn og Indíáanalag

Grænir: 17 þúsund sólargeislar og Orðin mín

Bláir: Maó fríkar út og Lífið er yndislegt

Spurning um Indíáanalagið fyrir rauða sveit. Þar eru 2. árs nemar sem ættu að geta spilað þetta. Fólki spennst fyrir því að fá Lífið er yndislegt í bláa sveit, það þarf samt að laga parta en mögulega ekki tími í það fyrir þetta mót.

Nú eru allar sveitir komnar með tvö lög og svo koma stjórnendur með tvö lög á móti. Hver sveit þá með fjögur lög.

### **Fjöldi**

Allra síðasti skráningardagur er kl.12 á hádegi 3. Apríl.

Ekkert hefur heyrst frá Lárusi í Vesturbænum, hvorki borga né skilað inn skráningarskjali.

Vestmannaeyjar hafa borgað en ekki skilað skráningu.

507 nemendur

88 fullorðnir

595 skráðir á mótið

Ef Vesturbærinn kemur þá megum við gera ráð fyrir um 60 manns í viðbót.

160 nemendur skráðir í rauða

140 í gulu og grænni

64 í bláu

Græn sveit myndi sleppa með þennan fjölda, en sem dæmi þá eru 40 flautur í grænu en bara 10 í bláu. Það væri best að færa einhverja úr grænu í bláa til að jafna út fjöldann og fá betri hljóðfærablað.

Það væri best að skipta gulu og rauðu sveitinni í tvennt. Sem dæmi eru 22 trommarar í gulu og yru þá 11 í skiptri sveit.

Við þurfum að gera einhverjar ráðstafanir fyrir trommarana. Ein þæling er að taka þá út og æfa lögin sem gula t.d. er að æfa og svo kannski eitthvað annað líka.

Kannski gæti Sigrún Kristbjörg komið og verið með smá workshop.

Það er kannski ekki möguleiki að skipta þeim í marga hópa þar sem við erum ekki með nógu mikið af fólki.

Spurning um að gera þrjá aðra hópa fyrir slagverk, fjöldinn viðráðanlegur.



Líka spurning um að láta á það reyna að vera með allan þennan fjölda af slagverksnemendum í hverri sveit og þá er bara einhver kennari á þeim allan tíma og minna á að spila eitthvað aðeins minna en FFF og vera í takt. Það er alveg hægt að fá þau til að spila veikt. En líka möguleiki að vera með demparahringi eða viskastykki.

En Össur leggur til að bíða aðeins með ákvörðun eftir að við fáum frekari skráningu frá Vesturbænum og Vestmannaeyjum.

22 tr. í gula (11 í skiptri sveit)

17 tr. í rauða (8-9 í skiptri sveit)

17 tr. í græna

7 tr. í bláa

**Greiðsla:** Flestir búnir að borga. Kári og Lárus eru ekki búnir að borga og þurfa því að borga 15.000kr.

**Kostnaður:** Fellaskóli - leigan er engin, smátteri fyrir þrif.

Hólabrekkuskóli - næst ekki í skólastjórnann.

FB - fjöldi og stofur, þurfum að fá fleiri stofur. Húsvörður jákvæður gagnvart því. Vil viljum ekki fleiri en 20 í hverri stofu.

Snorri gerir ráð fyrir að sínar sveitir gisti en ef við lendum í kröggum þá þurfa þau að gista heima hjá sér. Það er huggulegra og betra að við séum öll saman í FB, séum ekki dreyfð í aðra skóla.

Tónskóli Sigursveins - frítt og ekki greitt fyrir þrif.

Fríða skólahljómsveitaryfirmaður er búin að senda allskonar pósta á allskonar fólk um styrki.

**Sundið:** Komast 100börn í einu í laugina? Það væri best. Annars tekur allan daginn að fara í sund. Snorri athugar það.

### **Landsmót á Akureyri haustið 2018**

Við erum að horfa á október, 13. 14. eða 20. 21. Ella Vala er okkar kona og milliliður.

Brekkuskóli - KA hús - væri gaman að vera í Hofi með tónleika.

Atli Örvars - Þorvaldur Bjarni - Rodrico slagverksleikari -----> hugmyndir af fyrirlesurum.

Vilborg fór á ráðstefnu um helgina í Svíþjóð. Margt á döfinni í hjá NOMU. Vilborg komin í stjórn NOMU. Kjörið að við verðum með í sameiginlegum verkefnum.

Vilborg mun örugglega ræða þetta á aðalfundi.

Aðalfundur - mæting kl.8:30 í morgunmat og fundur byrjar kl.13. Harpa sendir út fundarboð og biður um skráningu.

Fundi slitið kl.13:33



Stjórnarfundur 5. Mars 2018 - símafundur

Mætt eru: Harpa Jóhannsdóttir, Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Snorri Heimisson.

### **Landsmót**

Skráningar á mótið er að detta inn í hús hjá okkur. Össur mun taka saman öll skjölin og sjóða þau saman í eitt stórt skjal.

Vilborg segir að 9 hljómsveitir eru búnar að borga. Hinar ættu að detta inn núna seinnipartinn.

Össur fer yfir fjárhagsáætlun. Erfitt hefur verið að ná í skólastjóra skólanna til að fá lokatölur fyrir leigu og þríf, aðallega Fellaskóli og Hólabrekkuskóla.

Matur: Taka út kók og prins á sunnudeginum og SÍSL sér um það.

Lagaval: Nýjar útsetningar. Nótanefndin hafnaði útsetningum Þórðar Magnússonar, þrjú Megasar-lög. Galdramannadansinn (Össur Geirsson) samþykktu þau og 17.000 Sólargeisla eftir nemanda Einars Jóns, líka Orðin mín eftir Baggalút.

Orðin mín gætu hentað grænu sveit.

Össur búinn að biðja um smá lagfæringu á 17.000 Sólargeislum. Gæti líka hentað græna.

Galdramannadansinn er fyrir rauða sveit.

Maó fríkar út væri bláa sveit.

Hani krummi hundur svín frá Kára fyrir gula sveit.

Vilborg bendir á að SÍSL eigi að velja öll lögin fyrir gula sveit. Kannski mikil áhætta að láta aðra koma með lag þegar kunnátta krakkanna er ekki mikil.

2 lög á hverja hljómsveit fyrir lokatónleikana. Alls ekki meira, þar sem tónleikarnir mega ekki vera of langir.

Hver hljómsveit æfir fjögur lög, við sköffum tvö lög og hver stjórnandi fyrir hverja sveit kemur með eitt lag.

Mögulega verða tvær grænar sveitir, þá fer eitt af þessum tveimur lögum á hvora sveitina og stjórnendur koma svo með sín lög.

Hver og einn stjórnarmaður grefur upp eitt lag af SÍSL listanum og setur á sameiginlegt Google skjal. Sem við svo veljum úr.

Snorri á eftir að komast að stólamálum.

Fundi slitið kl.13:24

Stjórnarfundur 26. Feb 2018

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir, Snorri Heimisson, Guðmundur Vilhjálmsson og Gestur kom kl.13:05.

Fundur settur 12:40

### **Landsmót**

Leiga fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti; húsvörður og þrif - 300.000kr.

Össuri finnst þetta fullmikið en FB fólk fóru með verðið eins lágt og þau gátu.

Við borguðum ekkert fyrir Fjölbraut á Akranesi nema þrif sem voru um 20.000kr.

Hólabrekkuskóli setur upp verðið 4.400kr. á tímann fyrir húsvörð og þá er fint að vera ekki mikið þar, þ.e. að gista ekki.

Fellaskóli

Gerðuberg er frágengið - 120.000kr. kostar leigan.

Tónskóli Sigursveins - ekki komið

Austurberg - 250.000kr. og í því er þrif en við þurfum að taka til eftir okkur

Leiknishúsið - 160.000kr. með starfsmanni

Sundið er frítt en eftir að tékka hvort sturtur geta opnað fyrr um morguninn. Snorri tékkað á því.

Ekki orðið staðfest að Jói Pé og Króli séu ON.

Diskótekið Dísar er 170.000kr. ef hann tekur með ljós. Spurning hvort hann geti komið með fleiri ljós.

Snorri reddar hljóðkerfi fyrir mótsetningu.

Kaffihressing á stjórnenda/fararstjórafundum - við sjáum um það, Volborg kaupir eitthvað gotteri.

Mótslok - við munum einnig sjá um að kaupa djús og prinspóló eða sníkja það útúr fyrirtækjum.

Stólar fyrir íþróttahús - Snorri fer í það.

Lög fyrir mótið - Össur óskar eftir að við bíðum aðeins með það framyfir fimmtudag.

Senda póst til að minna á að borga og skráningu. Leiðbeina þeim að fara eftir leiðbeiningum varðandi skráningu í band, setja í viðeigandi getusveit.

Spurning um að taka fyrir að börn sem byrjuðu núna um áramótin, það getur reynst þeim erfitt.

En það finnst flest öllum það ekki sniðugt, félagslegi parturinn skipar kannski stærri part.

Hafa með upplýsingar um borgunardag 5. mars. Smá skýrsla um hvað er verið að borga fyrir - gera grein fyrir fjölda nemenda, stjórnendur og fararstjóra. Senda póstur á SÍSL með þessum tölum.

Fæðuofnæmi - einn nemandi með mörg ofnæmi og það þarf að leggja það undir kokkinn hvort hann hafi tök á því. Og oft er hægt að slá saman mörgum ofnæmum í einn rétt sem allir

ofnæmispésarnir geta borðað. Ef ekki þá þarf nemandinn að sjá um það. Þá dettur niður matarkostnaður hans nemanda.

Þetta þarf semsagt að vera í góðu samráði við foreldra og vera vel undirbúin.

Spurning um að fresta greiðsludegi til 5. mars. Samþykkt. Fólk hefur til kl.12:00.

Skráningu lýkur 1. apríl. og þá er heldur ekki hægt að hætta við og fá endurgreitt. Ekki nema að nemandi sé lasinn þá er hægt að endurgreiða að einhverju leyti, ekki allt.

Snorri þarf að athuga hvenær kokkurinn þarf að vera kominn með lokatölur.

Fararstjórar - max 1 fararstjóri á hverja 8-10 krakka.

Töskur - kostnaður væri um 600þús og Hljóðfærahúsið tilbúið að styrkja eitthvað en vill auðvitað fá eitthvað á mótí, auglýsing í blað t.d. (sem við erum ekki með).

Búið að tala við Landsbankann, Ölgerðina og Arion banka varðandi styrk. Ekki komið á hreint hverjir styrkja.

Logo-ið er komið og það er best að það sé hvítt, ódýrast þannig. Marglitað kostar meira.

Smá samræður um logo-ið og vangaveltur hvernig það gæti útlagst. Við notum logo SÁB í grunninn en þarf að laga það aðeins að landsmótinu.

Spurning hver vinnur merkið, best ef grafíski hönnuðurinn gerir það. Það er líka í boði að Bros bolir geri einhverja vinnu en það kostar auðvitað aukalega.

### **Aðalfundur**

Búið að panta Hannesarholt.

Harpa sendir út póst með dagsetningu.

Vilborg fer í bókhaldið.

Garðabær á eftir að borga árgjaldið en möguleiki að við séum með vitlausa kennitölu, Gummi þarf að tékka á því.

Spurning með morgunmatinn - fáir sem komu í hann í fyrra en þurfum að vera skýrari að við óskum eftir að fólk komi í hann og létt spjall fyrir fund.

Fundi slitið kl.13:37.

Stjórnarfundur 19. Feb 2018 í síma

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson og Harpa Jóhannsdóttir.

Samþykkingum Sirkus-atriði kr.200.000. Þau þyrftu að sjá salinn til að mögulega aðlaðað atriði að plássinu eða að við rýmum salinn, færum til borð og stóla.

Vilborg talaði við Júlíönu hjá Tónskóla Sigursveins og við þurfum ekki að borga leigu, en þurfum að borga þrif.

Matur - nýtt og uppfært plan, nú er búið að taka út ávexti og matur kominn í 7.300kr. En Össur reiknar þetta uppá nýtt og hann fær út 7.200kr. Spurning um að foreldrafélag sjái um kaffitímana, hvort við gætum náð kostnaði niður með því. Össur ræðir það við Snorra og fer með honum á fund.

Austurberg - Snorri kallar eftir fundi með Þránni hjá ÍR og óskar eftir öðrum stjórnarmanni með sér. Austurberg er ekki með stóla fyrir hljómsveit og við þurfum að leigja/fá lánaða stóla. Snorri er reyndur þar.

Leiga á húsnæði - það lítur út fyrir að við fáum ekki niðurgreidda leigu á skólahúsnæðunum. Erum orðin sein í því að sækja um styrki hjá borginni fyrir því. Með fullri leigu á öllum húsnæðum gætum við séð fram á tap peningalega séð. Og við getum ekki hækkað mótsgjald.

Atriði á laugarsagskvöldi - Gestur er búinn að bóka Diskótekið Dísu og núna þurfum við að redda ljósum fyrir hann eða hann reddar ljósum og við borgum Svo er búið að athuga með Jóa P og Króla og lítur það vel út.

Spurning um fleiri skemmtiatriði en Sirkus, sund og kvölddagsskrá en við erum á því að ekki er þörf á fleiri skemmtiatriðum. Krakkarnir þurfa alveg sinn tíma til að vera og leika sér.

Gestur mun hafa samband við Landsbankann uppá að fá smá styrk frá þeim gegn því að setja Logo-ið þeirra á tösku/bolina.

Vilborg fer í það með Snorra að skoða styrkjakerfið hjá Rvk.borg. Það er ýmislegt í boði en það þarf að fara rétta leið að því.

Erum við komin með nógu marga sali fyrir hljómsveitirnar sex. Tvö rými í Hólabrekkuskóla, Fellaskóla, Gerðuberg og Tónlistarskólinn. Spurning um Fella- og Hólakirkju.

Smá hausverkur varðandi slagverksnemendur. Einhverjir fara í sveitirnar sjálfar en þá er spurning um rest.

Nótur - eigum eftir að raða lögum niður á sveitir. Nótnanefnd er komin með nýju útsetningarnar en Össur hefur ekkert heyrt í þeim. Hann fer í það að ýta á eftir þeim.

Leggjum til að hver sveit spili tvö lög á tónleikum þó þau æfi 3-4 lög. SÍSL leggur til tvö lög og stjórnendur sveitanna koma með eitt lag.

Össur vill líka hvetja stjórnendur litasveitanna að vera með klappleiki á æfingum, brjóta upp dagsskránnu og hvíla varinnar.

Fundi slitið kl.13:32

Fundur 12. Feb, símafundur

Mættir

Mætt eru: Snorri Heimisson, Gestur Áskelsson, Guðmundur Vilhjálmsson,  
Össur Geirsson og og Vilborg Jónsdóttir.

Harpa var ekki

### **Húsnæði**

Gerðurberg 122.000

Tónskóli Sigursveins? Vilborg athuga

Leiknishúsið 120.000

Fellaskóli íþróttahús, tala við húsvörð til að fá verð

Hólabrekkuskóli - borga húsverði kr. 4.400 á tímann athuga hvað hann verður mikið

Fjölbraut - vantar tölur

Austurberg - Snorri athugar verð og hvað með starfsmenn?. Þurfum húsið kl. 18 á föstudag

Laugardag frá kl. 17.00, ball um kvöldið kl. 8 - 10

Sunnudag frá kl. 8 - 16

Sundlaugar Snorri búinn að fá upp kontakt aðila sem klárar hvað þarf að borga.

### **Armbönd**

Vantar gul, rauð og blá. Vilborg kannar mismundandi liti og sér um að kaupa inn.

Til nóg af grænum í 2 litum og svört og hvít.

**Ljósmyndarinn** tekur kr. 202þús. Miðað við 20 myndir. Snorri athuga það betur

### **Ballið**

Gestur athuga ljós og græjur diskótek

Ballið kl. 8 - 10 skemmtiatriði kl. 9, Króli og félagar

Hljóðkerfi Gestur athugar, Snorri er með græjur fyrir kynni, líklega nóg

### **Skemmtiatriði yfir daginn**

Ævar vísindamaður ekki alveg skemmtilegur

Ath. Sirkus Ísland - Össi athugar það

Rattleikur- spurningakeppni

Kahút spurningakeppni.

### **Athuga íþróttavellina**

**Kaffi á fararstjórafundi**

### **Sendibílar á milli skóla**

**Stólar fyrir æfingar 130 stólar fyrir hvern hóp**



Ljósmyndari fyrir helgina, virkaði ekki nógu vel að kaupa ljólsmyndara. Gerum sjálf og setja inn á vefinn

**Áætlaður kostnaður ca. 14.000,- á mann**

**Leyfisbréf sem össi sendi - fínt**

**Skráningaskjal þarf að athuga kennitölur í skjalið**

Fundi slitið kl. 13.40

Stjórnarfundur í síma 5. feb.

Mætt eru: Snorri Heimisson, Gestur Áskelsson, Guðmundur Vilhjálmsson,  
Össur Geirsson og og Vilborg Jónsdóttir

Harpa Jóhannsdóttir forfallast

## **Landsmót**

**Hólabrekkuskóli** fæst án endurgjalds, borga 4.500 kr. á tímann fyrir húsvörð.

**Fjölbraut**, viðkomandi er í fríi en fáum frá henni í vikunni

**Fellaskóli**, ekki komið svar um kostnað

**Gerðuberg** - Einn salur - Vantar leiguupphæð, ca. 100.000. Athuga með annan sal og hvort hljóðeinangrun sé viðunandi.

**Leiknishúsið** - 120.000

**Tónskóli** Sigursveins - Vilborg skoðar kostnað.

Athuga með **Fella-og Hólakirkju** - allavega föstudag og laugardag? Snorri tékkar á því

**Austurberg**: Snorri hefur samband við Þráinn hjá ÍR og fær á hreint:

Tímasetningar sem við höfum húsið.

Áhorfendastýring og fjöldi plássna fyrir áhorfendur

**Sundlaugin**: Guðmundur taki að sér að hafa samband við sundlaugina; Þarf að borga fyrir nemendurna? Hver myndi taka ákvörðun um að fella niður gjaldið.

Þarf að fara aftur í Hólabrekkuskóla og athuga með samliggjandi stofur til að æfa í. Sömuleiðis athuga með gistirými ef Fjölbraut dugar ekki til. Betra að kíkja líka í Gerðuberg og Tónskóla Sigursveins.

## **Bolir og töskur:**

Tvö tilboð í bakpoka 1573+VSK og 2789+VSK.

Til hvers erum við að kaupa poka?

Minningargildi.

Mikið úrval af pokum

Össur og Vilborg fara í Bros og velja poka.

## **Skemmtiatriði:**

Villi og Sveppi

Gói

Ari Eldjárn

Salka Sól - koma með band og skemmtiatriði? Aron Steinn kannski líka? Koma með einhverskonar hljómsveit með sér?

JóiP og Króli - athuga með þá? Gestur tékkar á þeim, 20 mínútur eins og skemmtiatriði, kostnaður og græjur.

Ævar vísindamaður sem skemmtiatriði. Össur talar við hann.  
Sirkus Íslands gæti verið kostur líka.

## **NOMU**

Vilborg fari ein á fundinn í mars. Sér um að kaupa flugmiða.

## **Akranes**

Reikningur frá foreldrafélaginu fyrir landsmót á Akranesi datt í hús í dag.

Næsti fundur mánudag eftir viku kl. 12:40

Fundi slitið kl.13:20

Stjórnarfundur í síma 29. Janúar 2018

Mætt eru: Snorri Heimisson, Harpa Jóhannsdóttir, Gestur Áskelsson, Össur Geirsson og Guðmundur Vilhjálmsson og Vilborg Jónsdóttir

### **Landsmót**

Það er komið tilboð í matinn og er verð á hvern nemanda 7.670kr. Það er heldur mikið miðað við síðustu mót. Þurfum að vita hvað maturinn kostaði á síðustu mótum. 5.800 kostaði maturinn í Garðabæ 2016 (allt innifalið). Næstum því 10.000kr í mat á Akranesi, en þar eru líka rúmlega helmingi færri nemendur.

En kannski er þetta bara fínt verð, því eftir á að hyggja þá höfum við verið að ca. 6.000kr. fyrir mat og svo öðrum (foreldrafélag/félagasamtök) fyrir millimál. En inni þessum 7.600kr er allur matur. Snorri ætlar samt að athuga hvort það sé möguleiki að lækka verðið aðeins.

Össur gerir athugasemd við hamborgaramáltíðina og leggur til að í stað það verði kjúklingur og franskar. Svo kannski skipta út kjötfarsbollum út fyrir fiskibollur.

Benda líka kokkinum á að börn frá 8-14 borða yfirleitt minna en fullorðinn eintaklingur. Þá væri hægt að lækka verðið á hverja máltíð. Vilborg leggur til að kokkurinn spyrji kokk úr krakkaskóla hversu stórir skammtarnir eru.

Siggi kokkur spyr hvort hann eigi að hafa sjoppuna sína opna, sem selur gos og aðra drykki. Við samþykkjum að hún eigi að vera lokuð, gæti ollið veseni. Gert er ráð fyrir því að nemendur séu ekki með pening á sér.

Kokkurinn spyr einnig hvort jógúrt gæti komið í stað súrmjólkur í morgunmat.. Lagði þá til að það yrðu jógúrt dósir en það er alltof mikið rusl og plast. Við erum sammála að jógúrt sé nú bara allt í lagi en þetta þarf að vera fjölbreytt líka, hafa með brauð, seríós og kornflex og annað. Krúsjal að stöðvarnar séu margar í morgunmatnum og það þarf ekkert endilega að smyrja brauðin fyrirfram.

Hollin í kvöldmatinn/hádegismat.: Kokkurinn leggur til að hollin verði þrjú. Á síðustu mótum hafa krakkarnir komið á korters-fresti. Það væri flott ef það yrði þannig líka í Breiðholti.

Upphæð fyrir leigu á húsnæði: Erum við að borga leigu eða bara húsverði og þrif? Skólastjórar eiga að ráða hvað er borgað fyrir, hver er upphæðin. Sumir skólar sem eru mikið leigðir út eru oft með gjaldskrá. Snorri þarf að athuga það. Væri best að við myndum sleppa við leigu en borga þá húsverði og þrif.

### **Breyting á fundartíma**

Guðmundur leggur til að fundurinn hefjist kl.12:40 næstu mánudaga og við samþykkjum það.

**Bolir**

Tilboðið hljóðar uppá 750kr. bolurinn með prenti. Vilborg skoðaði taupoka og Brosbolir áttu mikið til. Hugmyndin er að þetta verði sterkir pokar sem krakkarnir geta notað fyrir nótur og hugsanlega flautur/klarinetur.

Það þarf að senda sem fyrst út skráningarskjal svo við fáum stærðir á hreint.

**NOMU**

Vilborg og Harpa fara á fund í haust til Svíþjóðar. Vilborg kaupir flugmiða.

Fundur slitið kl.13:36

Símafundur 22. Janúar 2018

Mætt eru: Harpa Jóhannsdóttir, Össur Geirsson, Snorri Heimisson, Gestur Áskelsson, Vilborg Jónsdóttir

### **Leiga á húsnæði**

Snorri var búinn að senda beiðni á borgina að fá niðurgreiðslu á leigu á húsnæði. Svarið var stutt með þeim orðum að það væri ekki í boði. En mögulega væri hægt að fá frítt í sund, en þá þarf að leggja það undir ÍTR.

Snorri ætlar að tala við einhverja fleiri hjá borginni, m.a. Fríðu yfirmann skólahljómsveitanna eða Móslei (??) sem er einhversskonar menningarstjóri í Breiðholti/borginni.

SÍSL hefur samt alltaf greitt fyrir húsvörð og ræstingu.

Snorri þarf líka bara að svara þessum pósti frá borgarráði og útlita betur hvað við förum fram á. Láta Helga (borgarráð) vita að við höfum fengið þetta frítt á öðrum stöðum, Akranes og Garðabæ m.a.

Snorri hitti Viðar húsvörð FB um daginn og hann var hress. Og verður líklega á staðnum með okkur.

Snorri er líka búinn að óska eftir boði í mat. Rósa yfirmaður elhússins í FB er með það á sínu borði.

Þarf að fara að huga að því að skoða húsnæðin aftur og negla niður hvar verður æft hvar.

### **Fjöldi**

Gróflega áætlað lítur út fyrir meira en 600 krakka mót, þá mögulega alls 700-750 manns. Flestir hafa svarað með fjölda en þarf að spyrja nánar þá sem ekki hafa svarað en myndu líklega koma.

Snorri er ekki alveg viss hvað FB tekur í gistingu, mögulega kannski um 620 miðað við fjölda stofa, en Viðar húsvörður er ágætis reynslubolti þegar kemur að gistingu í þessum skóla og stundum hefur það verið þannig að fólk er að gista í opnum rýmum.

Kannski mögulega þarf að setja fjöldatakmörkun eða hreinlega fá annan skóla, Hólabrekkuskóla.

Snorri ætlar að mæta einn föstudaginn í FB og mæla stofurnar með tilliti til dýna og hversu margar gætu komist fyrir í hverri stofu. Það eru ekki allar stofur í boði, sumar eru tölvustofur og einhverjar efnafræði/-verkstofur. Spurning hvort við fáum fleiri stofur og það þá okkar ábyrgð að taka dót til og skila stofum tilbaka í sínu rétta ástandi.

Matsalurinn tekur um 300 í sæti og þar er líka svið þar sem mögulega væri hægt að vera með einhverja afþreyingu á laugardeginum - töframaður eða eitthvað slíkt.

### **Útsetningar/lög**

Snorri búinn að tala við Elvar um að útsetja Breiðholtsboogie og hann tók því svona la-la.

Össur búinn að tala við Einar um útsetningu síns nemenda og þeir eru að melta það. Harpa á eftir að senda mail á stjórnendur og spyrja hvort einhver eigi skúffu-útsetningu til að nota á mótinu.

### **Ljósmyndun**

Erum búin að fá tilboð í ljósmyndun og innrömmun. Hver mynd hefur hækkað úr ca.8.500 í ca.10.000. Kannski fullmikil hækkun, fá mögulega betra tilboð.

Snorri búinn að litast aðeins um góðan stað fyrir myndatöku en ekkert sem greip augað. Mögulega hægt að nota eitthvað miðrymi í FB. Þarf þá mögulega að vera búin að redda pöllum, stólum eða örðu slíku fyrir stóra hópa.

### **Skemmtun**

Byrja á því að bóka diskótekið Dísa. Gestur sá um að bóka þá síðast, hann gerir það aftur núna. Hann kom ekki með græjur með sér síðast en getur það. Eigum eftir að sjá hvað er í boði í Austurbergi þar sem skemmtunin fer fram.

Litli Úlfur væri möguleiki eða Oyo sem var að sigra Syrpu-rapp-keppnina. Eigum eftir að spyrja okkar krakka hvað er heitt í dag, eða tala við félagsmiðstöðvar og tékka hvað er inn í dag.

### **Borgun fyrir Akranes mótið**

Heiðrún sendi póst og bað um upphæð og reikningsnúmer fyrir borgun fyrir landsmótið. Mögulega er hún að tala um pening sem foreldrafélagið fær, 1.500kr. á hvern nemenda. Össur hefur samband við hana og leysir úr þessu.

### **NOMU**

Spurning hvort við tökum þátt í þessu starfi, meira heldur en að borga bara árgjaldið. NOMU er í upprisu núna og eru búin að boða á fund í haust.

Hvað erum við að fá útúr þessu? Áður var það þannig að við fengum stjórnendur fyrir LÆ og svo var blásaranámskeið, fyrir samt 18 ára og eldri. Skólahljómsveitir eru margar ekki með svona eldri nemendur, en mögulega eitthvað fyrir krakkana að stefna á.

Þurfum að fá úr því skorið hvað planið hjá þeim er núna, bíðum eftir dagsskrá haustfundarins. Þyrftum kannski líka að spyrja þau hvort við fáum einhvern styrk fyrir komu okkar. SÍSL hefur alveg efni á því að senda einn eða tvo á þessa fundi en kannski ekki oft ef við fáum ekki mikið útúr því. Vilborg mun hafa samband við þau.

Fundi slitið kl.13:32

SÍSL stjórnarfundur 16. Jaúar 2018

Marbakkabraut, Kópavogi

Mætt eru: Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Harpa Jóhannsdóttir og Snorri Heimisson.

Fundur settur kl.20:25

### **Óskalögin**

Vilborg er búin að borga allt:

Leiga 500þús

Kynnir 70þús

Ljósmyndari 70þús

Matur 10þús

Ísfyrðingar ferðastyrkur 135þús

Við fengum styrk 600þús frá Ýli þannig að okkar framlag úr okkar sjóð var ca. 180þús.

### **Nótnaútgáfa**

Elvar er búinn að senda útsetningarnar sínar og Þórður Magnússon líka. Þarf að fara yfir þessar útsetningar og spurning hvort við kaupum. Össur og Einar vilja út, spurning hvort Karen eða Martin fari yfir þetta.

Tíminn er orðinn knappur að útsetja nýtt lög fyrir landsmót AB sveita í apríl 2018. Harpa þarf að senda út póst og spyrja aðila SÍSL hvort þeiri eigi ekki skúffu-útsetningar til að selja, eða frumsamin lög sem hafa ekki verið mikið notuð áður. Því meira unison því betra.

Össur á eitt lag sem hann getur boðið fram.

Elvar á fleiri lög.

Drengur hjá Einari Jóns á eina útsetningu sem gaman væri að nota.

Gaman að fá Breiðholts lag. Kannski Breiðholtsboogie eftir Langa Sel og Skuggana, kannski Elvar geti útsett.

Getum einnig notað frumsömdu lögin hans Kára sem SÍSL keypti í fyrra.

### **Landsmót**

Þurfum að boða Borgarstjóra á mót!

Vilborg fer yfir tékklistann fyrir mót.

Húsnæðismál eru ekki alveg niðurnegld en margt að smella saman. Stjórnin þarf að fara annan rúnt í húsin. Allavega eru komin 5 æfingasvæði. Gert er ráð fyrir að gist sé í FB.

Hugmynd um að skipta yngri sveitum mótsins gul/appelsínugul í tvo hópa sem æfa sama efnið og sameinast á tónleikum á sunnudegi.

Með því að fjölga hópum þá er minni þörf á sér slagverkshóp.

Snorri talar við matráð FB um tilboð í matinn.

Þurfum sem fyrst að senda út kynningarpóst, bæði fyrir stjórnendur og foreldra. Skráning og borgun fyrir 1. Mars með afslætti og fullt verð fyrir 1. Apríl.

Vilborg leggur til að slagverksnemendur sé skráðir í litasveitir svo hægt sé að sjá betur getuskiptinguna.



Snorri sér um að útbúa LOGO fyrir bolina, út frá LOGO-i SÁB.

Viðurkenningar fyrir nemendur: Blýantar eru að verða búnir. Spurning um nótnatöskur.

Mótsblað er barn síns tíma. En dagsskrársblöðungur er nauðsynlegur.

Prúðmennskubikarinn ----> eitthvað sem má sleppa? Össur kemur með hugmyndir að verðlaunum en ekkert sem býtur á tönn.

Nótnatöskur - derhúfur - blýantar - brúsi eru allt hugmyndir að nemendagjöfum.

Ljósmynd með LOGO eru gjafir fyrir stjórnendur.

Gummi fer í það að fá styrk frá stórfyrirtæki, t.d. Arion banka, fyrir SÍSL bakpoka. LOGO fyrirtækisins yrði þá á pokanum.

Stjórnendur: þurfum að lágmarki 14 stjórnendur og höfum nú þegar talið 23, ef allir koma.

Gæti verið að Stórsveitarmararæðni sé um sömu helgi, Vilborg athugar það.

Diskótekið Dísu er möst. Spurning um Ævar vísindamann eða e-ð í líkingu við Jón Jónsson og Friðrik Dór. Þurfum að spyrja nemendur hvað er inn.

Svo þarf töframaður/rattleikur/skemmtun um miðjan dag.

Mótsetning:

Hljómsveitir sem vilja spila.

Vilborg stingur upp á einhverju pepp atriði, veit ekki alveg hvað samt. E-ð í líkingu við Buzbee hjónin en samt fyrir yngri nemendur.

Snorri verður bókað með atriði.

Spurning um að fá sér kynni fyrir mótsetningu, Góí eða einhver grínisti.

KAnnski hægt að nýta kennara SÍSL fyrir atriði - Albert, Rósa, Elvar og Sólveig?

Vikulegir símafundir núna á mán kl.12:30

Fundi slitið kl.22:45